

# Minnisblað

Til: Bæjarráðs Ísafjarðarbæjar  
Frá: Margréti Geirsdóttur  
Dags. 24. september 2021  
Mnr. 2021090076



ÍSAFJARÐARBÆR

## Svar við fyrirspurn um málefni aldraðra

Svör við fyrirspurn Örnú Láru Jónsdóttur frá 1168. fundi bæjarráðs þann 24. september 2021 um málefni aldraðra í Ísafjarðarbæ.

### 1. Hversu margir einstaklingar eru á biðlista eftir íbúð á Hlíf 1?

Þrenn hjón eru á biðlista eftir hjónaíbúð, 21 einstaklingur er á biðlista eftir einstaklingsíbúð, einn einstaklingur er á biðlista eftir íbúð á Tjörn. Íbúðir í eigu Ísafjarðarbæjar á Hlíf I eru 26. Þörf umsækjanda er mjög mismunandi, allt frá því að ekki liggi á íbúð upp í mjög brýna þörf.

### 2. Hversu margir einstaklingar eru á biðlista eftir rými á hjúkrunarheimilinu Eyri?

Þrettán einstaklingar eru á biðlista eftir hjúkrunarrými á Eyri. Nokkrar umsóknir bíða afgreiðslu færni- og heilsumatsnefndar. Vakinn er athygli á að tvímennt er í þremur herbergjum á Eyri, einu á hverri deild.

### 3. Hefur verið unnið að mótun aðgerða til að koma til móts húsnæðisþörf aldraðra í sveitarfélaginu?

Fjallað hefur verið um húsnæðisþarfir aldraðra í sveitarfélaginu á fundum velferðarnefndar, öldungaráðs og á umhverfis- og eignasviði.

Þjónustuskipulagi á Hlíf hefur verið breytt þannig að fjórða hæðin á Hlíf I er skipulögð fyrir þrjár nýjar íbúðir, tvær minni en eina stóra (c.a. 100 fm). Það stendur til að auglýsa þær til sölu síðar í haust.

Þá eru bæjaryfirvöld meðvituð um óskir aldraðra um húsnæði sem myndi henta þörfum þeirra s.s. 80-100 fm íbúðir. Rætt hefur verið við verktaka um þetta en ekkert hefur komið fram um byggingaráætlanir þeirra.

### 4. Hefur verið unnið að samþættingu heimahjúkrunar og félagslegrar heimþjónustu á þessu kjörtímabili?

Já. Það er töluverð samvinna á milli heimahjúkrunar og stuðningsþjónustu sveitarfélagsins. Þjónustan er samræmd þannig að hún nýtist fólki sem best. Ísafjarðarbær hefur nýlega fært til stöðugildi þannig að þjónusta er einnig veitt á milli 17:00 og 21:00 virka daga, það hefur aukið samþættingu enn frekar. Þetta hefur mælst ákaflega vel fyrir hjá skjólstæðingum, aðstandendum og samstarfsaðilum. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 er lögð til frekari aukning þannig að þjónusta verði veitt um helgar og jafnframt að aukið verði við þjónustu á virkum dögum. Með þessu er stigið skref sem á sér stoð í stefnu Ísafjarðarbæjar í velferðarmálum.

### 5. Óskað er eftir samantekt á þjónustu við aldraða í sveitarfélaginu.

Á fundi velferðarnefndar þann 9. september s.l. var lagt fram minnisblað Albertu G. Guðbjartsdóttur, deildarstjóra í félagsþjónustu, þar er farið yfir stöðuna í öldrunarþjónustu og lagðar fram tillögur til að efla hana. Þar kemur m.a. fram að þjónusta við aldraða sé vaxandi, að brýnt sé að efla þjónustu við aldraða í nærsamfélagi okkar og grípa tækifæri til heilsueflingar og aukinna lífsgæða fyrir eldra fólk.

Dagdeild á Ísafirði sem til nokkurra ára var vannýtt hefur verið færð á fyrstu hæð á Hlíf I og ráðinn iðjubjálfi sem stýrir innra starfi. Það hefur haft mjög góð áhrif og eftirspurn eftir dvöl á

dagdeild vaxið hratt. Nú eru ellefu dagdeildarpláss á Ísafirði en þau voru átta. Fimm pláss voru á Suðureyri en mjög lítið nýtt þannig að þrjú pláss voru færð, með samþykki Sjúkratrygginga Íslands, yfir á Ísafjörð. Plássin tvö sem eru á Suðureyri verða færð yfir á Ísafjörð enda nauðsynlegt að nýta þau þar sem þeirra er þörf og fjármagn sem fylgi þeim nýttist. Í ljósi stöðunnar í öldrunarmálum á Íslandi hafa komið fram tillögur um að dagdeildir séu einnig opnar um helgar en ekki verður tekin afstaða til þess af hálfu sveitarfélagsins fyrr en hið opinbera hefur tekið afstöðu til málsins, enda dagdeildir reknar með aðkomu og leyfi frá ríkinu.

Hreystigarður verður settur upp á lóð Heilbrigðisstofnunar (suðurhlið), hann mun nýtast öllum íbúum bæjarins en staðsetningin hentar öllum íbúum Hlífar, endurhæfingu Heilbrigðisstofnunar og þeim einstaklingum á Eyri sem geta nýtt sér úrræðið. Tafir hafa orðið á uppsetningu tækjanna.

Félagsstarfið hefur orðið fyrir verulegum skakkaföllum vegna covid en er á góðri leið núna þegar frágangur á aðstöðu í kjallara er á lokastigi. Gengið hefur verið út frá samvinnu við félag eldri borgara sem mun vonandi vaxa og dafna nú þegar höftum vegna covid er að létta. Félagstarf aldraðra á Þingeyri fer vaxandi og góð þáttaka er þar. Félagstarf á Flateyri hefur ekki verið vel sótt en einstaklingar þaðan hafa sótt á dagdeild og í félagstarf á Ísafirði. Á Suðureyri hafa dagdeildarrými verið vannýtt og opnunartími hefur verið of langur miðað við þörf. Unnið er að breytingum þannig að þar verði félagstarf en ekki dagdeild.

Sótt var um ríkisstyrk til eflingar félagstarfs fyrir Ísafjarðarbæ og Súðavík, Ísafjarðarbær fékk c.a. 900 þús. í styrk og Súðavík kr. 100.000. Í samvinnu við félag eldri borgara var ákveðið að blása til bæjarhátíða eldri borgara á fimm stöðum – tvær hafa farið fram, þ.e. á Flateyri og á Ísafirði. Samkomutakmarkanir höfðu áhrif á áætlanir en stefn að því að hátíðir á Suðureyri, Þingeyri og Súðavík fari fram fyrir áramót.

Það er von starfsfólks að hægt verði að innleiða velferðartækni hið fyrsta í málefnum aldraðra til þess að efla gæði þjónustunnar. Jafnframt verður sótt um sér dagdeildarpláss fyrir heilabílaða.

Fræðsla til starfsmanna skiptir verulegu máli og því er velferðarsvið í samvinnu við Alzheimarsamtökin um fræðslu til starfsmanna og aðstandenda þjónustuþega.

Matarþjónusta og aksturþjónusta eru liðir sem hafa vaxið verulega hratt og því er verið að skoða leiðir til þess að draga úr kostnaði en jafnframt að viðhalda góðri þjónustu.

Öldrunarfulltrúi tók til starfa á síðasta ári, kom inn í ástand sem á sér enga hliðstæðu. Óhætt er að segja að þrátt fyrir að hún hafi ekki getað beitt sér sem skyldi í þróun tómsunda vegna covid þá lyfti hún Grettistaki með vinnframlagi þegar aðrar bjargir brugðust. Hún hefur, sem starfsmaður staðsettur á Hlíf, haft mjög góða yfirsýn yfir stöðuna og gripið inn í ótrúlega fjölbreytt verkefni þegar öðrum var meinaður aðgangur inn á Hlíf. Nú er öldrunarfulltrúi kominn að fullum krafti inn í skipulag tómsunda fyrir bæði konur og karla í öllum þéttbýliskjörnum, þar með talið Súðavík.

Virðingarfyllst,  
Margrét Geirsdóttir  
Sviðsstjóri velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar

